

Góð ráð við lestur námsbóka

- Líttu yfir efnið eða kaflann áður en þú byrjar að lesa og athugaðu vel um hvað hann er, lestu fyrirsgagnir og myndir
- Farðu yfir spurningar sem hugsanlega fylgja áður en þú lest vel yfir
- Lestu efnið vel yfir í smáskömmtum.
- Lestu aftur yfir klausuna og merktu við aðalatriðin
- Þegar þú ert búinn að lesa vel yfir allan texta á þennan hátt svaraðu þá spurningum og leystu verkefni sem fylgja
- Líttu að lokum yfir efnið og rifjaðu upp helstu atriði, skoðu minnisþunkta, undirstrikanir eða spurningar sem þú bjóst til

Lesið mikið á stuttum tíma

- Haltu athyglinni meðan þú ert að lesa
- Sitja við skrifborð
- vera með eitthvað til að fylgja línunum
- leshraðinn getur aukist við þetta um 30-40%

Mundu að til þess að verða góður lesari þarftu að halda þér í stöðugri æfingu. Þess vegna er mikilvægt að lesa allt árið um kring til að halda sér í góðri þjálfun.

Að auka leshraða

- Sitja við skrifborð
- Vera með blýant í hendinni og fylgja línunum
- Með þessu getur hraðinn aukist um 30-40%

Rifjaðu upp það sem þú lærðir í síðustu kennslustund áður en þú byrjar á heimanámi

Skimun - Þetta gerir þú til að undirbúa þig fyrir kennslustund s.s. daginn áður.

- Lesa inngang og samantekt
- Skoða fyrirsagnir og millifyrirsagnir
- Lesa lauslega yfir efnið.

Í kennslustund

Góð einbeiting skiptir öllu máli í kennslustund. Hlustaðu á kennarann með jákvæðu hugarfari, taktu þátt í umræðum um námsefnið og spyrðu spurninga. Fordrastu að spjalla of mikið við bekkjarfélagana, gleyma þér við dagdrauma, teikna myndir eða hlusta á tónlist í laumi.

Ef eftirfarandi er fylgt eftir eru minni líkur á að kennslustundirnar fari fyrir ofan garð og neðan.

- Vera undirbúin/n
- Glósa
- Skrifa allt niður sem kennari setur á töflu
- Nota skýringarmyndir
- Lykilorð
- Spyrja spurninga

Bökkun Þetta gerir þú strax eftir skóla, áður en þú ferð að undirbúa þig fyrir næsta dag (skimun)

- Frágangur á glósum og úrvinnsla úr kennslustund
- Lesa glósur úr kennslustund
- Semja spurningar út frá lykilorðum
- Umorða og endursegja
- Bæta við glósum ef eitthvað vantar inn í.
- Reyna að nota mest eigin orð

Upprifjun - Gott er að taka tíma í að gera þetta reglulega, það hjálpar þegar þú ferð að lesa fyrir próf.

- Gera lista með atriðisorðum
- Gera kort af námsefninu
- Gera áætlun og tímaskipulag
- Nota spjaldaaðferðina